

| |
|------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. _____ |
| 22. sep. 2015 |
| Tilv. _____ |

Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 21. september 2015
UST201508-141/E.D.K.
08.08.02

Úrbótaáætlun móttækin - eftirfylgnimáli lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf, 31. ágúst sl., þar sem Malbikunarstöðinni Hlaðbær-Colas hf. voru send áform um áminningu vegna þriggja frávíka frá starfsleyfi sem komu fram við reglubundið eftirlit. Umhverfisstofnun barst áætlun um úrbætur vegna frávíkanna þann 11. september sl.


Frávikin eru eftirfarandi:

- Fráveituvatn skal uppfylla kröfur um hámarks svifagnir 50 mg/L, eftir meðhöndlun en gildi mælingar fyrir árið 2014 var 62,7 mg/L. Ástæður þess að gildi svifagna var of hátt eru ekki þekktar. Frávik frá gr. 2.14 í starfsleyfi.**
Í áætlun rekstraraðila segir að grunur liggja á að fyrri mæling hafi ekki verið rétt framkvæmd. Rekstraraðili hyggst framkvæma mælingu fyrir 30. september. Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun og veitir rekstraraðila frest til 20. október 2015 til að senda inn niðurstöður.
- Mælingar á PAH gildum í úrblæstri voru ekki gerðar árið 2014 vegna bilunar í mælíbúnaði. Frávik frá gr. 3.1 í starfsleyfi.**
Rekstraraðili hefur sent inn erindi til Umhverfisstofnunar, dags. 11. september sl. þar sem óskað er eftir að krafa um mælingu á PAH verði felld niður úr starfsleyfinu. Umhverfisstofnun hefur samþykkt beiðni rekstraraðila. Þar sem notast er við kalda innmötun en ekki heita er litið svo á að krafa um PAH mælingar í þessu tilviki eigi ekki við. Umræddu frávikum telst því lokið.
- Mælingar á ryki í úrblæstri voru ekki gerðar árið 2014 vegna bilunar í mælíbúnaði. Frávik frá gr. 3.1 í starfsleyfi.**
Rekstraraðili hyggst mæla ryk í útblæstri fyrir 31. október og skila niðurstöðum greininga fyrir 15. desember 2015. Umhverfisstofnun samþykkir þessa áætlun.

Umhverfisstofnun fer fram á að rekstraraðili sendi inn niðurstöður fyrir svif í frárennsli eigi síðar en 20. október nk. og niðurstöður rykmælinga eigi síðar en 15. desember nk. Eftirfylgnimáli sem hófst með bréfi dagsettu 31. ágúst sl. telst lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 og er 23.800kr.

Virðingarfyllst


Sigríður Kristjánsdóttir
sviðsstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur